

**451. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn 22. september 2021 kl. 14:30. Fjarfundur haldinn í Teams.**

*Þessir tóku þátt í fundi:*

Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður nefndarinnar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR), Gunnar Þorgeirsson, nefndarmaður og formaður Bændasamtaka Íslands, Kári Gautason, nefndarmaður og sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður Landsamtaka kúabænda og Jón Baldur Lorange, starfsmaður nefndarinnar og sérfræðingur hjá ANR, sem ritaði fundargerð. Fundinn sátu einnig Sigurður Eypórsson, verkefnisstjóri hjá ANR, Ólafur Friðriksson, sérfræðingur hjá ANR, og Þorvaldur T. Jónsson, sérfræðingur hjá ANR, sem sat fundinn undir 1. og 2. dagskrárlið. Arnar Freyr Einarsson frá ANR og Ásgeir Runólfsson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, boðuðu forföll.

*Þetta var gert:*

1. Tillaga formanns samþykkt að halda **reglulega fundi nefndarinnar** annan miðvikudag mánaðar kl. 13:00 og að dagskrá fundar skuli berast í síðasta lagi á mánudegi í þeirri viku sem fundur er haldinn. Næstu fundir verða þannig miðvikudaginn 13. október kl. 13:00 – 14:30 og miðvikudaginn 10. nóvember kl. 13:00 – 14:30 nk.
2. **Innanlandsvog 2022** kynnt og staðfest.
3. **Fjármagn úr framleiðslujafnvægi**, 6. gr. nautgripasamnings, til innflutnings erfðaeftnis úr Aberdeen Angus holdagripum frá Noregi. Tillaga frá Bændasamtökum Íslands um kr. 7.000.000 stuðning til NBÍ ehf. vegna kaupa á holdanautasæði og vinnu við sæðistöku og dreifingu (sjá samskonar afgreiðslur nefndarinnar árin 2019 og 2020, sjá m.a. fundargerð 441. fundar). Tillaga samþykkt.
4. **Ríkisstuðlar** 6860 Twaróg og 6806 Burrata Stracciatella skv. erindum dagsettum 8.3.2021 og 26.7.2021 og sem bárust frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM). Stuðlar staðfestir.
5. **Umræða um breytingu á reglugerð nr. 1252/2019 um stuðning í nautgriparækt** – þ.e. að setja inn ákvæði í 23. gr. um fast 3% framlag til RML vegna kvíguskoðana í stað þess að afgreiða það árlega í nefndinni. Málinu frestað þar sem kúabændur hafa óskað eftir fundi með ANR til að ræða þessa breytingu og nokkrar aðrar á ofangreindri reglugerð.
6. **Þróunarfjármunir garðyrkju**. Framhald á umræðu 3. liðar á 450. fundi. Fagrád í garðyrkju hefur sent frekari rökstuðning með tillögum sínum um afgreiðslu umsókna. Samþykkt að gera tillögu um að þrjú verkefni hljóti styrk úr þróunarfé garðyrkjunnar. Samtals að fjárhæð kr. 8.000.000.-
7. Lagðar fram til kynningar **fjórar skýrslur SG um verkefni sem unnin voru fyrir loftslags – og lífræna fjármuni** 2020 sbr. afgreiðslu 444. fundar.
8. Drög að **samningi við VOR** lögð fram til kynningar eftir yfirferð BÍ sbr. umræðu um málið á 449. og 450. fundi. Málið verður áfram til umfjöllunar í nefndinni.
9. **Umræða um beiðni SAM um leiðréttingu á útflutningsskyldu mjólkurafurða, sbr. erindi frá 27. október 2020**. Lögð fram samantekt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um málið. Málið verður áfram til umfjöllunar í nefndinni.

Fleira ekki bókað, og fundi slitið um kl. 15:20.